




Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík 22.03.2018




Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.

### Reykjavíkurlugvöllur, Flugskýli 1

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. febrúar 2018 þar sem erindi Minjastofnunar Íslands dags. 31. janúar 2018 um undirbúning friðlýsingar Flugskýlis 1 á Reykjavíkurlugvelli er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2018.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2018 samþykkt.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2018.




Reykjavík 19. mars 2018/MB

### Flugskýli – umsögn um friðlýsingu

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjóra dags. 14. febrúar 2018, þar sem erindi Minjastofnunar Íslands dags. 31. janúar 2018 um undirbúning friðlýsingar flugskýlis 1 á Reykjavíkurlflugvelli er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Minjastofnun hefur ákveðið að hefja undirbúning tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra að friðlýsingu Flugskýlis á Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík. Húsafríðunarnefnd tók erindið fyrir á fundi 9. janúar 2018 og styður friðlýsingartillöguna.



### Skipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Í Aðalskipulaginu er kafli um Vatnsmýri, þar sem fjallað er um framtíð flugvallarins. Í sérstakri alþjóðlegri samkeppni sem haldin var 2008, var kynnt tillaga að þróun og uppbyggingu blandaðrar byggðar í Vatnsmýri, sem grundvallast á vinningstillögu skoska arkitektsins Graeme Massie og samstarfsmönnum hans.

Deiliskipulag Flugvallarsvæðis samþykkt í sveitarstjórn 15. júní 1999, er í gildi fyrir þetta svæði og samkvæmt því er gert ráð fyrir að rífa Gamla flugturninn, sem hefur verið friðlýstur og fleiri byggingar umhverfis hann, meðal annars Flugskýli 1, sem var byggt árið 1941 (sbr. húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur 2013).

Flugskýli 1 stendur á ríkislandi.

### Rökstuðningur Minjastofnunar fyrir friðlýsingu:

- *Flugskýli 1 er fyrsta flugskýlið sem byggt var á Reykjavíkurlflugvelli. Það er eitt fjögurra breskra flugskýla af gerðinni T-2 sem smíðuð voru og sett upp á Reykjavíkurlflugvelli fyrir breska herinn af fyrirtækinu Teeside Bridge and Engineering Co. Ltd. Í Middlesborough. Sama fyrirtæki smíðaði og setti upp Ölfusárbrúna á Selfossi árið 1945. Í húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur er lagt til að skýli njóti verndar í rauðum flokki.*
- *Flugskýlið er eitt elsta mannvirkið á Reykjavíkurlflugvelli og tengist sem slíkt sögu hernámsáranna og flugsögu Íslands. Flest flugfélög sem starfað hafa hér á landi hafa haft aðstöðu í húsinu á ólíkum tímabilum.*
- *Skýlið stendur við hlið gamla flugturnsins sem er friðlýst bygging. Saman mynda þau varðveisluheild sem hefur fágætisgildi á landsvísu.*

Byggingarár 1941



Flugskýli 1

Fyrsti eigandi Breska-erubíð

Hönnun

Teeside Bridge and Engineering Co. Ltd

Upphafleg notkun  
Flugskýli



- *Burðargrind skýlisins er upprunaleg og afar sérstök. Mjög fá önnur skýli af þessari gerð hafa varðveist og kann skýlið því að hafa varðveislugildi á heimsvísu.*
- *Lagt er til að friðlýsingin taki til upprunalegrar stálburðargrindar skýlisins og rennihurða sem varðveist hafa án breytingar. Undanskildar friðlýsingunni eru seinni tíma breytingar, viðbyggingar og klæðningar utanhúss sem innan.*

### Greinargerð

Eins og fram hefur komið er í deiliskipulagi gert ráð fyrir niðurrifi Flugskýlis 1 ásamt hinum friðlýsta Gamla flugturni. Þessar gömlu byggingar mynda ákveðna varðveisluheild, en talið er að varðveislugildi Flugskýlis 1 sé mikið (sbr. umsögn Minjastofnunar).

Á uppdrætti vinningstillögu skosku arkitektanna sést að þessar byggingar falla ekki að reitamynstri hennar. Byggingar þessar gætu þó haft ákveðið vægi í hverfinu, gefið því einkenni („identitet“) og brotið upp reitamynstrið á jákvæðan hátt, en þær mætti nýta fyrir samfélagslegar starfsemi, t.d. markaði, félagsheimili, verkstæði listamanna og/eða sýningarsali eða leikhús.



Vinningstillaga Graeme Massie og samstarfsmanna - rauður rammi um Flugskýli 1 og Gamla flugturninn

### Umsögn

Friðlýsing Flugskýlis 1 gæti orðið til þess að heildstætt safn gamalla bygginga fengi að standa áfram á flugvallarsvæðinu, en byggingarnar gætu hýst starfsemi sem ekki er rúm fyrir í venjulegum íbúðarhúsum.

Gamlar byggingar, sem eru vel varðveittar og gerðar þannig upp að þær nýtist til hagsbóta fyrir hverfið geta gefið hverfinu sérstakt gildi.

Ekki eru því gerðar athugasemdir við tillögu Minjastofnunar að friðlýsingu Flugskýlis 1.

F.h. skipulagsfulltrúa  
Margrét Þormar